SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/775
komudagur 17.9. 2009

Selfossi, 16. september 2009
0811001SA ÞH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 11. september sl., var tekið fyrir erindi frá allsherjarnefnd Alþingis þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149 mál, persónukjör.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

„Stjórn SASS tekur undir það meginsjónarmið frumvarpsins að auka beri áhrif kjósenda á það hvaða einstaklingar verði kjörnir til sveitarstjórna. Stjórnin telur þó að ýmsir vankantar séu á frumvarpinu sem þurfi að sníða af og einnig þurfi að bæta inn ákvæðum áður en það verður afgreitt. Jafnframt telur stjórnin að gefa þurfi góðan tíma til að undirbúa breytingar og að tæpast sé tími til þess þar sem hefðbundinn undirbúningur að kosningum hefst innan nokkurra vikna. Þá vill stjórn SASS benda á þann annmarka sem fylgir nýju fyrirkomulagi ef frumvarpið verður samþykkt að sú barátta á milli einstaklinga sem fylgt hefur prófkjörum flokkanna blandast nú saman við kosningabaráttuna sjálfa.

Í frumvarpinu þarf að skýra betur framkvæmd utankjörstaðaatkvæðagreiðslu, þannig að ljóst sé að kjósandi geta raðað á lista. Sama gildir ef aðeins einn listi býður fram, þá væri það í anda laganna að hafa listann óraðaðan þannig að kjósandinn geti raðað frambjóðendum eftir sínu höfði. Þá þarf að huga að því hvernig standa á að röðun á lista kosningabandalaga."

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Aðsetur - Address:	Símar - Telephone:	Myndsendir - Fax:	Netfang - E-mail:	Kennitala - Id.no.:
Austurvegur 56 800 Selfoss Iceland	480 8200	480 8201	sass@sudurland.is	480775-0159